

# Börn á Norðurlöndum Þróun fjölskyldumiðstöðva á Norðurlöndum

Nordens Välfärdscenter

Hugmyndarit

Niðurstöður verkefnisins Snemmbær úrræði fyrir fjölskyldur





**norden**

Nordens Valfärdcenter

Börn á Norðurlöndum – þróun norrænna fjölskyldumiðstöðva

Útgefandi:

**Nordens Valfärdcenter**

[www.nordicwelfare.org](http://www.nordicwelfare.org)

© nóvember 2012

Ritstjórar: Kristin Marklund och Nino Simic

Aðalhöfundur: Petra Kouvonen

Aðrir höfundar: Kristin Marklund, verkefnisstjóri fyrir „Snemmbær úrræði fyrir fjölskyldur“, Anne-Marie Karlsson, Abdiaziz Mohamud Ali, Mia Nordlund, Anette Rihnstrøm Schmidt, Kirsi Mäkilä, Kristina Ström, Päivi Pinlaja, Christina Warrer Schnor, Britt-Inger Röckinger, Ulla-Britt Lundberg, Nino Simic.

Ritstjórn: Kristin Marklund, Petra Kouvonen, Nino Simic

Ábyrgðarmaður: Ewa Persson Göransson

Myndskreytingar: Helena Halvarsson

Grafísk hönnun: [www.aasebie.no](http://www.aasebie.no) Prentun: Ineko

ISBN: 978-87-7919-075-7

Upplag: 800 eintök

### **Nordens Valfärdcenter**

#### **Sverige**

Box 22028, 104 22 Stockholm, Sverige

Besöksadress: Hantverkargatan 29

Tel: +46 8 545 536 00 [info@nordicwelfare.org](mailto:info@nordicwelfare.org)

### **Nordens Velfærdcenter**

#### **Danmark**

Slotsgade 8, DK-9330 Dronninglund, Danmark

Tel: +45 96 47 16 00 [nvcdk@nordicwelfare.org](mailto:nvcdk@nordicwelfare.org)

### **Nordens Valfärdcenter**

#### **Finland**

Topeliusgatan 41 a A, FIN-00250 Helsingfors, Finland

Tel: + 358 (0)40-0612015

[nvcfi@nordicwelfare.org](mailto:nvcfi@nordicwelfare.org)

Prentaða skýrslu er hægt að panta eða hlaða niður á:

[www.nordicwelfare.org](http://www.nordicwelfare.org)

undir flípanum «Publikationer».

Á stafrænu formi er ritið einnig fáanlegt á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og ensku.





## Börn á Norðurlöndum

Þú hefur í höndum annan hluta skýrslu um verkefnið „Snemmbær úrræði fyrir fjölskyldur“.

Verkefnið er hluti af átaki Norrænu ráðherranefndarinnar árið 2011 og 2012 innan málaflokksins „Snemmbær úrræði fyrir félagslega viðkvæmar fjölskyldur“. Í framhaldi af þessu átaki var Norrænu velferðarmiðstöðinni falið að halda utan um verkefnið. Markmiðið er að miðla rannsóknarniðurstöðu, vitneskju um lausnir, sem reynst hafa vel, og að skapa norrænt tengslanet.

Í verkefninu er sjónum beint að fjórum áherslupáttum: *rannsóknum á áhættu- og verndarpáttum, snemmbærum úrræðum sem reynst hafa vel á Norðurlöndum, einfaldarara aðgengi að þjónustu og að láta rödd barna heyrast!*

Í öðrum hluta greinargerðarinnar, sem þú ert að lesa, er fjallað um einfaldara aðgengi að þjónustu.

# Efnisyfirlit

Inngangur .....	6
Átta tillögur að þróun fjölskyldumiðstöðva á Norðurlöndum ..	7
Þróun fjölskyldumiðstöðva á Norðurlöndum .....	8

## 1. BARNAFJÖLSKYLDUM BOÐIN ALTÆK STARFSEMI

<b>UNDIR SAMA ÞAKI</b> .....	10
Bakgrunnur .....	10
Vandamál og áskoranir .....	11
Tillögur að þróun .....	
Dæmi frá Finnlandi – fjölskylduhúsið Ankaret með alla fyrirbyggjandi starfsemi undir einu þaki .....	12
Ef fjölskyldumiðstöð er ekki fyrir hendi – færانlegi sérkennarinn.....	12

## 2. AÐLÖGUN ÚRRÆÐA AÐ VEL SKILGREINDUM

<b>MARKHÓPUM</b> .....	14
Bakgrunnur .....	14
Vandamál og áskoranir .....	15
Tillögur að þróun .....	15
Dæmi: PIS í Noregi – umræðuhópar fyrir skilnaðarbörn í skólanum .....	16
Dæmi: COPE fyrir foreldra af erlendum uppruna í Svíþjóð ..	17

## 3. GAGNREYNDAR STUÐNINGSÁÆTLANIR

<b>Í BOÐI FYRIR FORELDRA</b> .....	18
Bakgrunnur .....	18
Vandamál og áskoranir .....	18
Tillögur að þróun .....	19
Dæmi frá Svíþjóð um sveitarfélag með stuðning fyrir foreldra barna á öllum aldri .....	19

## 4. ORKA ELDHUGANNA BEISLUÐ – SKRÁNING

<b>OG EFTIRFYLGN</b> .....	21
Bakgrunnur .....	21
Vandamál og áskoranir .....	21
Tillögur að þróun .....	22
Dæmi: Árangursmiðuð stjórnun hjá dönsku mæðrahjálpinni .....	22
Viðtal við Ulla Krogager frá dönsku mæðrahjálpinni .....	24

<b>5. SAMSTARF VIÐ SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTU SKILGREINT ..</b>	<b>26</b>
Bakgrunnur .....	26
Vandamál og áskoranir .....	26
Tillögur að þróun .....	27
Dæmi: Hangö í Finnlandi – samstarf við geðsvið .....	28
<b>6. STARFSEMI BYGGÐ Á SAMEIGINLEGUM</b>	
<b>ÞEKKINGARGRUNNI .....</b>	<b>29</b>
Bakgrunnur .....	29
Vandamál og áskoranir .....	29
Tillögur að þróun .....	30
Dæmi: Pinocchio í Svíþjóð – þekking á áhættu- og verndarþáttum sem grundvöllur .....	30
Dæmi: Kvello-aðferðin í Noregi .....	30
Dæmi: ICDP – sameiginlegt viðhorf í Finnlandi .....	31
<b>7. ÁÆTLUN LÖGÐ FRAM UM ÁFRAMHALDANDI</b>	
<b>ÞRÓUN OG INNLEIÐINGU ÚRRÆÐA .....</b>	<b>32</b>
Bakgrunnur .....	32
Vandamál og áskoranir .....	33
Tillögur að þróun .....	33
Dæmi um innleiðingu þekkingarmiðaðs starfs á landsvísu ..	33
Viðtal við Monicu Martinussen – stuðningur á landsvísu í Noregi .....	35
Dæmi: Mentorkerfið í Danmörku .....	37
<b>8. VERUM SKAPANDI VIÐ VAL Á SAMSTARFSÆDILUM...</b>	<b>38</b>
Bakgrunnur .....	38
Vandamál og áskoranir .....	38
Tillögur að þróun .....	39
Sveitarfélagið Esbjerg í Danmörku – dæmi um skapandi samstarf .....	39
Samantekt .....	41



# Inngangur



Altækur stuðningur við barnafjölskyldur hefur lengi verið einkenni norræna velferðarkerfisins. Ólíkt mörgum löndum víða um heim hefur fæðingartíðni á Norðurlöndum verið hlutfallslega há og stöðug í gegnum tíðina. Barnafjölskyldur fá bæði fjárhagslegan stuðning, barnagæslu og réttindi á vinnumarkaði til þess að eiga þess kost að sameina fjölskyldulíf og þátttöku á vinnumarkaði. Norræna velferðarkerfið hefur vakið mikla athygli, jafnvel utan Evrópu í löndum sem glíma við lága fæðingartíðni. Norðurlönd hafa þótt vera dæmi um lönd þar sem tekist hefur að samræma hagvöxt og fjölskyldustefnu.

Fjölskyldumiðstöðvar og þess háttar starfsemi er eins konar framlenging á hinum altæka stuðningi við fjölskyldur á Norðurlöndum. Fjölskyldumiðstöðvum fjölgar nú á Norðurlöndum. Framboð þjónustu fyrir barnafjölskyldur á einum stað er forgangsverkefni og kjörinn vettvangur fyrirbyggjandi starfs. Slíkt veitir tækifæri til að ná snemma til barna sem þurfa stuðning án þess að virkja stjórnsýsluúrræði sem samfélagið býr yfir. Þetta er frábær þróun sem vakið hefur athygli um allan heim!

Við viljum gefa hugmyndir og benda á dæmi um starfsemi þar sem tekst að ná til fjölskyldna og bjóða fram stuðning; fjölskyldumiðstöðvar sem skrá og fylgja starfsemi sinni eftir; stuðning við foreldra sem í boði er og aðlagaður fjölskyldum frá ólíkum menningarheimum; fjölskyldumiðstöðvar sem leita uppi fjölskyldur þar sem skilnaður hefur orðið og veita stuðning á erfiðum tímabilum í lífi fólks.

Enn fremur viljum við benda á þær áskoranir sem eru fyrir hendi varðandi áframhaldandi þróun fjölskyldumiðstöðva. Árið 2008 benti félagsþjónustan í Svíþjóð á, að vitneskja um fjölskyldumiðstöðvar væri takmörkuð. Eru þær barnafjölskyldum til hagsbóta? Er tekið eftir þeim börnum sem eru í áhættu og hvaða stuðningur býðst þeim? Til þess að greina þau vandkvæði, sem við er að etja og benda á góðar lausnir, höfum við gert frumathugun á fjölskyldumiðstöðvum á Norðurlöndum. Ein niðurstaða þeirrar athugunar er að það skorti nær algjörlega skráningu og eftirfylgni þeirrar starfsemi sem fram fer á fjölskyldumiðstöðvum. Margar góðar nýjar hugmyndir fara forgörðum þar sem ekki er haldið utan um þær og erfitt verður að framkvæma athuganir á því sem gert er.

Hvernig beisla má orku eldhuga, er ein þeirra spurninga sem við munum geta svarað eftir að hafa rannsakað norrænar fjölskyldumiðstöðvar. Er nóg að fjölskyldumiðstöðvar þrói sína skráningaraðferð upp á sitt eindæmi eða krefst þetta starf skipulagningar á landsvísu eða svæðisbundið? Þeir sem taka ákvarðanir á landsvísu kunna að hafa miklar væntingar til starfs með fjölskyldum á fjölskyldumiðstöðvum. Innan sveitarfélaga kunna einnig að vera væntingar um að starfsemin minnki álag á félagsþjónustu sveitarfélagsins. Fjölskyldumiðstöðar ná til fjölskyldnanna, en hvað hafa þær svo að bjóða? Gengið er út frá því í þessu riti, að þörf sé fyrir úrræði, bæði á fjölskyldumiðstöðvum og í umhverfi þeirra til þess að fjölskyldur fái þann stuðning sem þær þarfnast. Hér eru kynntar átta hugmyndir um það hvernig góðar fjölskyldumiðstöðvar geta enn betur mætt þörfum fjölskyldna!

## ÁTTA TILLÖGUR AÐ ÞRÓUN FJÖLSKYLDUMIÐSTÖÐVA Á NORÐURLÖNDUM:

- 1. Barnafjölskyldum boðin altæk starfsemi undir sama þaki.**
- 2. Úrræði aðlöguð vel skilgreindum markhópum.**
- 3. Gagnreyndar stuðningsáætlanir í boði fyrir foreldra.**
- 4. Orka eldhuga beisluð – skráning og eftirfylgni.**
- 5. Samstarf við sérfræðiþjónustu skilgreint.**
- 6. Starfsemi byggð á sameiginlegum þekkingargrunni.**
- 7. Áætlun lögð fram um áframhaldandi þróun og innleiðingu úrræða.**
- 8. Verum skapandi við val á samstarfsaðilum.**

## ÞRÓUN FJÖLSKYLDUMIÐSTÖÐVA Á NORÐURLÖNDUM

Það sem einkennt hefur aðgerðaáætlanir Norðurlandanna síðasta áratug, er áhersla á þverfaglegt samstarf ólíkra faghópa. Talað er um að líta ekki á hvert fag sem einangrað fyrirbæri heldur leggja áherslu á samvinnu. Með samstarfi milli faghópa og ólíkra aðila er ætlunin að ná snemma til fjölskyldna í nærumhverfi þeirra og gera mögulegt að greina þarfir snemma og bjóða snemmbær úrræði.

Á flestum Norðurlandanna eru fjölskyldumiðstöðvar árangur þess að lögð hefur verið áhersla á að ólíkir faghópar og fagaðilar starfi saman. Í Danmörku var áætlunin *Barnets Reform* nýlega sett á fót og með því lögð áhersla á meiri nánd og gæði í þjónustunni. Í Finnlandi komst nýlega í framkvæmd annar hluti þróunarverkefnis á landsvísu innan félags- og heilbrigðisþjónustu undir yfirskriftinni *Kaste-verkefnið*, sem miðar að því að skapa meiri tengsl milli almennrar þjónustu og sérfræðiþjónustu. Bent er á fjölskyldumiðstöðvar sem gott dæmi um verkefni sem brúar bilið milli ólíkra faghópa og þær eru áherslupáttur í finnska þróunarverkefninu. Í Noregi var komið af stað umbótaáætlun (*Samhandlingsreform*) sem hefur sama markmið. Í Svíþjóð hafa fjölskyldumiðstöðvar sprottið úr grasrótastarfi fremur en sem hluti af stefnu á landsvísu. Þegar á áttunda áratugnum voru fyrstu fjölskyldumiðstöðvarnar stofnaðar. Fyrsta aðferðin, *Gautaborgarmódelið*, byggðist á altækri þjónustu og markmiðið var að ná til allra foreldra. Í áranna rás hefur þessi leið verið endurbætt á marga vegu. Hér hefur einnig verið lögð sífellt meiri áhersla á samstarf milli ólíkra faghópa. Enn fremur er lögð áhersla á hið borgaralega samfélag, sem nær yfir alla þá sem tilheyra samfélaginu, með því að foreldrar og sjálfboðaliðar taka þátt í samstarfinu.

Erfitt er að meta nákvæmlega hve margar fjölskyldumiðstöðvar eru á Norðurlöndum en þær tölur, sem við höfum aðgang að, sýna að í Svíþjóð eru þær 180, í Noregi 150 (familiens hus) og í Finnlandi eru á að giska 30 til 50 sveitarfélög með fjölskyldumiðstöðvar (familjecenter). Á Íslandi eru ekki slíkar miðstöðvar en á Grænlandi eru eins og sakir standa 12 fjölskyldumiðstöðvar. Í Danmörku hafa fyrstu fjölskyldumiðstöðvarnar (familiens hus) nýlega verið settar á laggirnar sem tilraunaverkefni. Flestar fjölskyldumiðstöðvar hafa verið stofnaðar á síðari hluta síðasta áratugar þar sem samræming þjónustu hefur fengið sífellt meira vægi í norrænni velferðarstefnu. Þrátt fyrir þessa þróun, vitum við í dag sáralítið um hvað samræming þessara fyrirbyggjandi þjónustupátta hefur í raun leitt af sér. Þó er ljóst að miklar vonir eru bundnar við starfsemi og stofnanir þar sem starfað er þvert á þjónustugeira.



Í dag er mjög takmörkuð þekking á því hvaða árangur er af starfi fjölskyldumiðstöðva þegar kemur að forvarnarstarfi með fjölskyldum. Árangursrannsóknir eða sameiginlegar norrænar rannsóknir skortir algjörlega. Hugsanleg ástæða þessa er sú, að fjölskyldumiðstöðvar standa fyrir fjölbreytilegu starfi þar sem skráning og eftirfylgni með starfseminni er sjaldan fyrir hendi. Þetta gerir það að verkum að erfitt er að leggja mat á starfsemina.

Það er þó ekki svo að skilja að engin þekking sé fyrir hendi. Á vegum norræns samstarfs hafa verið haldnar nokkrar ráðstefnur og skýrslan „Familjecenter i de nordiska länderna – en mötesplats för barn och familjer“ (2011) var gefin út undir forystu Finna í Norrænu ráðherranefndinni. Sú skýrsla var ákveðinn hvati að ritun þeirrar skýrslu sem þú ert að lesa og markmið hennar er að hvetja til frekari rannsókna og þróunar á starfsemi fjölskyldumiðstöðva. Auk þeirra norrænu athugana, sem gerðar hafa verið, eru til þó nokkrar eigindlegar rannsóknir á þessu sviði. Margar þeirra sýna fram á ánægju fjölskyldna með starfsemi fjölskyldumiðstöðva. Ástæðan fyrir ánægju notendanna eru talin vera hin altæku úrræði sem t.d. felast í opnum leikskóla. Fólki finnst einnig vera lágur þröskuldur fyrir því að koma á fjölskyldumiðstöðina og starfið skapar sameiginlegan vettvang til að hitta aðra. Komið hefur í ljós að fjölskyldumiðstöðvar hafa ýtt undir vellíðan fjölskyldna. Á sama tíma hafa ýmsar rannsóknir vakið upp spurningar um það hvort fjölskyldumiðstöðvar ná til þeirra sem eru í mestri þörf. Spyrja má hvort hinir ánægðu notendur í fyrri rannsóknum endurspeglar fjölskyldur almennt. Næst til fjölskyldna sem eru í hættu á að lenda í jaðarhópi og ef svo er, fá þær snemmbæran stuðning sem skiptir sköpum?

Í þessu verkefni hefur verið gerð frumathugun. Miðlæga spurningin er sú hvort rekstur fjölskyldumiðstöðva eykur framboð á stuðningi sem auðvelt er að nálgast, jafnvel fyrir viðkvæmar fjölskyldur. Athugunin náði til níu norrænna sveitarfélaga sem reka fjölskyldumiðstöðvar. Sex sveitarfélög tóku þátt í öllum hlutum athugunarinnar; skoðanakönnun, lýsandi frásögn og djúpvíðtölum. Sveitarfélögin voru einkum valin af þeim sérfræðihópi sem tengdist þessum hluta verkefnisins. Við val á sveitarfélögum var miðað við að þetta væru svæði með erfið viðfangsefni á sviði fjölskyldumála (t.d. mikið atvinnuleysi, hátt hlutfall barna sem tekin eru úr umsjá foreldra). Sérfræðihópurinn valdi einnig sveitarfélög sem höfðu komið fram með nýstárlegar leiðir til að mæta þeim áskorunum sem til staðar voru á þeirra svæði. Í ljósi niðurstaðna þessarar frumathugunar setjum við fram átta tillögur að þróun fjölskyldumiðstöðva.

Lesið meira um frumathugunina hér: [www.nordicwelfare.org/tidigainsatser](http://www.nordicwelfare.org/tidigainsatser)

# 1. Barnafjölskyldum boðin altæk starfsemi undir sama þaki



## BAKGRUNNUR

Fjölskyldumiðstöðvar bjóða upp á samræmt framboð af fyrirbyggjandi þjónustupáttum fyrir barnafjölskyldur. Í nýlegu mati á fjölskyldumiðstöðvum í Vestur-Gautlandi hefur hinu samræmda framboði m.a. verið líkt við brú á milli fjölskyldna og samfélags. Þetta er starfsemi sem hefur mikla möguleika á að veita snemmbær úrræði. Hvað fjölskyldurnar varðar hefur ítrekað verið sýnt fram á að fjölskyldumiðstöðvar efla samveru og samfélag fjölskyldunnar. Þetta kemur fram í fjölda rannsókna og skoðanakönnunum meðal notenda. „Bara það að koma hingað gerir það að verkum að maður höndlar hversdagsleikann betur“ er umsögn einnar fjölskyldu hjá fjölskyldumiðstöð sem tók þátt í athuginni.

Altæk grunnstarfsemi er mjög áberandi í norrænum fjölskyldumiðstöðvum. Í Svíþjóð, þar sem fjölskyldumiðstöðvar hafa verið starfandi síðan á 8. áratugnum, er talað um ferns konar grunnstarfsemi, fjórar stoðir, sem grundvöll fjölskyldumiðstöðva. Þessar fjórar stoðir eru: heilsuvernd mæðra, heilsuvernd barna, opinn leikskóli og félagsþjónusta. Í Noregi byggja fjölskyldumiðstöðvar á samvinnumódeli þar sem

Lesið meira á  
[www.nordicwelfare.org/  
tidigainsatser](http://www.nordicwelfare.org/tidigainsatser)

lögð er áhersla á samstarf allra grunneininga. Samkvæmt nýrri skýrslu frá Familiens hus/familiesenter – um yfirlitskönnun á norskum sveitarfélögum, sem gerð var að beiðni Regionalt Kunnskapscenter for Barn og Unge, RKBU Nord, fjölgar stöðugt þeim þjónustueiningum fyrir fjölskyldur sem samræma þjónustubætti.

Hin Norðurlöndin hafa einnig sett á stofn fjölskyldumiðstöðvar sem byggja á þessum fjórum stöðum. Finnsla áætlanin leggur áfram áherslu á fjölskyldumiðstöðvar sem vettvang samvinnu. Samkvæmt nýrri skýrslu – „Familje- centrarna i Finland. Rapport om tjänsterna, samverkan och ledarskapet“ – er næsta skref í Finnlandi að skýra og skilgreina markmið þessarar starfsemi. Í Danmörku hafa fyrstu fjölskyldumiðstöðvarnar hafið starfsemi og beina sjónum að ungum og berskjölduðum mæðrum undir 25 ára aldri sem þurfa stuðning í foreldrahlutverkinu og hvað varðar menntun/atvinnu. Danska módelið er frábrugðið hinum þar sem það beinist að ákveðnum hópi í stað þess að vera altækt úrræði. Á Grænlandi er einnig lögð áhersla á fjölskyldumiðstöðvar og nýlega var gerð úttekt á starfsemi þeirra. Aðstæður á Grænlandi eru mikil áskorun fyrir fjölskyldumiðstöðvar þar sem oft skortir menntað starfsfólk en um leið eru margar fjölskyldur í mikilli þörf fyrir stuðning.

Nafnið sem notað er í Svíþjóð: Familjecentral

Nafnið sem notað er í Finnlandi: Familjecenter (Perhekeskus)

Nafnið sem notað er í Danmörku og Noregi: Familiens hus

## VANDAMÁL OG ÁSKORANIR

Athuginin, sem gerð var vegna þessa verkefnis, benti til þess að möguleikar fjölskyldumiðstöðva væru ekki nýttir til fulls. Starfsemin byggir sjaldnast á öllum stöðunum fjórum þrátt fyrir að sameiginleg úrræði gætu leitt til árangursríks fyrirbyggjandi starfs. Oft skortir venjubundna samvinnu milli faggreina sem starfa á hverjum stað með sömu markhópa. Þótt orðið hafi skipulagsbreytingar á Norðurlöndum (t.d. þróunarverkefnið Kaste innan félags- og heilbrigðisþjónustu í Finnlandi og *Samhandlingsreformen* í Noregi) þar sem lögð er áhersla á samvinnu innan félags- og heilbrigðisgeirans, virðist enn vera tilhneiging til þess að hver eining starfi út af fyrir sig. Það er því áskorun til framtíðar að breyta starfinu innan hvers geira í fyrirbyggjandi starf í raun. Önnur áskorun er að efla hið fyrirbyggjandi starf af hálfu félagsþjónustunnar. Félagsþjónustan hefur ekki alltaf haft fyrirbyggjandi ásýnd, heldur hefur oft verið tengd við stjórnsýsluúrræði. Fjölskyldumiðstöðvar skapa því nýjan vettvang þar sem félagsþjónustan getur einnig starfað á fyrirbyggjandi hátt.

Lesið  
um Kaste-verkefnið:  
[www.stm.fi/sv](http://www.stm.fi/sv)

Lesið meira um  
Samhandlingsreformen:  
[www.helsedirektoratet.  
no/samhandlingsreformen](http://www.helsedirektoratet.no/samhandlingsreformen)

## TILLÖGUR AÐ ÞRÓUN

Við mælum með að fjölskyldumiðstöðvar safni starfsemi sinni undir eitt þak og bjóði a.m.k. fjögur altæk fyrirbyggjandi úrræði. Starfsemin skal byggja á fjórum stöðum sem eru: heilsuvernd mæðra, heilsuvernd barna, opinn leikskóli og fyrirbyggjandi félagsþjónusta.

## DÆMI FRÁ FINNLANDI – FJÖLSKYLDUHÚSIÐ ANKARET MEÐ ALLA FYRIRBYGGJANDI STARFSEMI UNDIR EINU ÞAKI

Fjölskylduhúsið Ankaret í Pargas hóf starfsemi sína árið 2009. Það sem er sérstakt við Ankaret er að öll fyrirbyggjandi þjónusta sveitarfélagsins, sem beinist að fjölskyldum, er undir einu og sama þaki. Hér starfar m.a. starfsfólk úr heilsugæslu, dagdeildum/leikskóla og fyrirbyggjandi félagsþjónustu. Enn fremur eru talkennarar, skólaráðgjafar og fjölskylduráðgjafar undir sama þaki. Foreldrar eða forsjáraðilar geta leitað til fjölskylduráðgjafarinnar með eða án barna, t.d. þegar sambýlisfólk á í vanda eða þegar spurningar hafa vaknað um líðan barnsins.

Hver eining starfseminnar hefur eigin markmið og vinnur að þróunarverkefnum. Auk þess hefur starfsfólkið það hlutverk að vinna með öðrum starfseiningum og taka þátt í þróunarstarfi fjölskylduhússins. Þar sem margir ólíkir faghópar starfa hjá Ankaret hefur verið valið að byggja á ICDP/Leiðbeinandi samspili sem verður hið sameiginlega viðhorf. Ankaret hefur einnig sérstöðu sem leiðbeiningastöð/fræðslumiðstöð á því svæði sem það starfar. Með því móti breiðist áhersla fjölskyldumiðstöðvarinnar á barnafjölskyldur út fyrir veggji Ankaret.

## EF FJÖLSKYLDUMIÐSTÖÐ ER EKKI FYRIR HENDI – FÆRANLEGI SÉRKENNINGARINN

Ef til vill gengur ekki alltaf að hafa samstarf grunnþjónustubátta undir einu og sama þaki. Mikilvægt er að sú grunnþjónusta, sem er fyrir hendi, sé vettvangur þar sem unnt er að ná til fjölskyldna. Samvinna milli ólíkra geira getur til dæmis gengið með hjálp starfsmanns sem vinnur hjá fleiri en einni deild. Í Finnlandi er starfandi færnanlegur sérkennari, sem stuðningur fyrir starfsemi sem er undir sama þaki.

Færnanlegi sérkennarinn er leikskólakennari með framhaldsmenntun í sérkennslu. Þessi faghópur er nú starfandi í flestum sveitarfélögum í Finnlandi. Hlutverk þeirra er að bera kennsl á og meta börn sem þurfa á viðbótarstuðningi að halda, fræða starfsfólk og koma með aðgerðaáætlun. Sérkennararnir

eru sérstaklega vakandi yfir tal- og málþroska, almennum forsendum til náms og félagslegum og tilfinningalegum þroska. Skilgreina má færanlega sérkennarann sem fyrsta hlekk í þeirri stuðningskeðju sérkennslu sem er fyrir hendi í finnsku skólakerfi.

Lesið meira á:  
[www.nordicwelfare.org/  
tidigainsatser](http://www.nordicwelfare.org/tidigainsatser)

Í sveitarfélaginu Heinola, sem tók þátt í athugininni, hefur ASP-módelið auðveldað miðlun reynslu milli heilsugæslu barna og skóla. Þessi lausn hefur einnig haft í för með sér öflugan stuðning við starfsfólk á leikskólanum og í opna leikskólanum.



## 2. Aðlögun úrræða að vel skilgreindum markhópum



### BAKGRUNNUR

Með altækum úrræðum ná fjölskyldumiðstöðvar einnig til fjölskyldna sem þurfa á meiri stuðningi að halda. Hin breiða nálgun til allra fjölskyldna, sem einnig hefur að markmiði að ná hópum sem eru í mestri áhættu, endurspeglar það sem kallað hefur verið forvarnamótsögnin. Hún byggir á þeirri hugsun að úrræði sem beinast að heildinni gagnist enn fremur þeim sem þurfa á afmörkuðum úrræðum að halda. Þetta er þekkt frá öðrum sviðum velferðarkerfisins. Til dæmis hvað varðar stefnu í áfengismálum er vitað að minna aðgengi að áfengi vinnur mjög gegn ofneyslu áfengis. Þegar tekst að ná til fjölskyldna, sem hafa mikla þörf fyrir hjálp, er mikilsvert að hafa eitthvað að bjóða þessum fjölskyldum.

- *Altæk úrræði* eru almennt fyrirbyggjandi og beinast að öllum fjölskyldum með börn
- *Sértæk úrræði* beinast að börnum sem eru í áhættuhópi
- *Afmörkuð úrræði* beinast að fjölskyldum með börn sem eru í sérstakri áhættu eða hafa þegar þróað með sér vandamál



Lesið meira á  
[www.socialstyrelsen.se](http://www.socialstyrelsen.se)

## VANDAMÁL OG ÁSKORANIR

Í frumathuguninni kom fram að fjölskyldumiðstöðvar skortir oft áætlun fyrir starf með fjölskyldum með sérstakar þarfir. Tilgreindar ástæður voru skortur á fjármagni og úrræðum við hæfi eða að ekki var fyrir hendi tengslanet til þess að vísa fjölskyldum áfram. Niðurstaðan er í samræmi við mat sem sænska Félags- og heilbrigðisráðuneytið gerði árið 2008. Þetta mat leiddi í ljós að fjölskyldumiðstöðvarnar í athuguninni buðu einkum upp á starfsemi, sem hentaði fjölskyldum í millistétt sem vegnaði vel, og það skorti markhópamiðuð úrræði fyrir fjölskyldur með sérstakar þarfir. Í síðari úttekt á fjölskyldumiðstöðvum á Vestur-Gautlandi kom í ljós að fjölskyldumiðstöðvarnar svöruðu að vísu þörfum íbúanna en starfsemin var undir miklu álagi vegna stærðar þjónustusvæðisins.

Það er augljós áskorun fyrir fjölskyldumiðstöðvarnar á komandi árum að aðlaga starfsemi sína að þörfum fjölskyldnanna á þeirra starfssvæði. Úrræðin hjá fjölskyldumiðstöðvunum sem skoðaðar voru hentuðu ekki alltaf fjölskyldum sem voru í mikilli þörf. Yfirmaður hjá fjölskyldumiðstöð orðaði þetta svona:

„Ég er alltaf algjörlega búinn þegar ég hef verið með þessa hópa. Þetta er svo erfitt. Það gerist alltaf eitthvað. Maður þarf að útvega neyðaraðstoð, vera búinn undir að hringja hingað og þangað“, sagði einn forsvarsaðila eftir að hafa reynt að stofna hóp fyrir ungar mæður með geðræn vandamál.

## TILLÖGUR AÐ ÞRÓUN

Við mælum með því að allar fjölskyldumiðstöðvar búi til áætlun um það, hvernig bjóða skal hjálp fjölskyldum með sálfélagsleg vandamál eða sérstakar þarfir. Áætlunin þarf að fela í sér vel skilgreind úrræði sem aðlöguð eru þörfum markhópsins. Í nýútkominni handbók „Om implementering“ frá Félags- og heilbrigðisráðuneytinu í Svíþjóð (2012) er lögð áhersla á mikilvægi þarfagreiningar áður en ákvarðað er um úrræði. Þarfagreiningin felst í stuttu máli í því, að fjölskyldumiðstöðin fer yfir þær aðferðir og úrræði sem notuð eru. Eru þessi úrræði í samræmi við þarfir fjölskyldna á svæðinu og bera úrræðin árangur fyrir viðkomandi markhópa? Hefur fjölskyldumiðstöðin nauðsynlegar bjargir, er það kostur ef úrræðið er í boði á svæðinu? Ef fjölskyldumiðstöðin hefur ekki möguleika á að bjóða tiltekin og einstök úrræði, er þörf fyrir skýra verkaskiptingu milli fjölskyldumiðstöðvarinnar og annarra starfseininga um það, hver gerir hvað þegar kemur að því að veita úrræði.

Lesið meira um árangursmat á stuðningshópum á [www.nordicwelfare.org/tidigainsatser](http://www.nordicwelfare.org/tidigainsatser)

Lesið meira: [www.pis.no/pis/](http://www.pis.no/pis/)

Lesið meira á [www.barngruppstudien.se](http://www.barngruppstudien.se)

Það hefur orðið algengara að bjóða börnum hópúrræði á fjölskyldumiðstöðvum. Þar getur verið um að ræða börn foreldra sem misnota áfengi eða vímuefni, börn sem hafa orðið vitni að ofbeldi eða börn foreldra sem hafa skilið og eiga í átökum sín á milli. Lítið hefur verið um árangursmat á þess konar hópum. Eigindlegar rannsóknir sýna, að slík úrræði geta haft jákvæð áhrif á geðheilsu barna en þörf er fyrir frekari vitneskju um þessu sviði. Rannsóknar- og þróunarsetur íUppsölum í Svíþjóð hefur sett fram leiðbeiningar um það hvernig stofnun getur lagt mat á hópúrræði.

### DÆMI: PIS Í NOREGI – UMRÆÐUHÓPAR FYRIR SKILNAÐARBÖRN Í SKÓLANUM

Á Norðurlöndum eiga mörg börn fráskilda foreldra. Sveitarfélagið Bærum í Noregi hefur gert áætlun um umræðuhópa fyrir skilnaðarbörn í skólum, PIS. PIS-verkefnið hefur einnig verið aðlagað börnum undir skólaaldri. Farið var af stað með verkefnið þar sem starfsfólki skóla, heilsuverndar barna og leikskóla fannst vanta verkfæri til þess að veita börnum stuðning þegar fjölskyldur brotnuðu upp. Efnið sem unnið var í þessu verkefni er nú notað í flestum skólum og leikskólum í Noregi.

Í mati á PIS-hópum fyrir yngri skólabörn kom fram, að PIS hefur góð áhrif þegar kemur að því að styrkja og byggja upp tengslanet fyrir börnin. Börn á skólaaldri, sem notið hafa þessa úrræðis, leita í meira mæli eftir hjálp og telja sig hafa fleiri aðila til þess að deila reynslu sinni með en börn sem ekki hafa notið þessa úrræðis. Ekki hefur enn verið lagt mat á leikskólahópa.

Sveitarfélagið Huddinge í Svíþjóð býður einnig upp á hópa fyrir börn fráskilinna foreldra. Það er gert á vegum hópastarfsins Fridlyst sem er hluti af göngudeild félagsþjónustunnar. Fridlyst innir af hendi fyrirbyggjandi starf, að hluta með einstaklingsviðtölum við börn en fyrst og fremst með stuðningshópum fyrir börn. Forsenda starfseminnar hjá Fridlyst í Huddinge er sá, að börn lenda oft í klemmu milli foreldra sem eiga í samskiptaörðugleikum eftir skilnað. Markmiðið með stuðningshópunum hjá Fridlyst er að veita börnum stöðugleika og skapa vettvang þar sem börn fá að ræða tilfinningar sínar, t.d. varðandi víxlbúsetu, umgengni við foreldra og tilfinningar gagnvart því að eignast „nýja“ fjölskyldu. Hið áþreifanlega markmið er að börn fái stuðning við að höndla aðstæður sínar og líði þannig betur. Ekki hefur verið lagt mat á starfsemina en Huddinge tekur þátt í sænskri úttekt á stuðningshópum fyrir börn [www.barngruppstudien.se](http://www.barngruppstudien.se) á vegum Forskningscentrum för psykosocial hälsa, Forum.



## DÆMI: COPE FYRIR FORELDRA AF ERLENDUM UPPRUNA Í SVÍÐJÓÐ

Aðrir hópar sem kunna að þarfnast markhópamiðaðs starfs eru fjölskyldur með annan uppruna en meirihluti íbúanna. Flen er lítið sveitarfélag í Svíþjóð sem tekur á móti mörgum flóttamannafjölskyldum, flestum frá Sómalíu. Í mörg ár hefur sveitarfélagið notfært sér stuðningsáætlun fyrir foreldra COPE – the Community Parent Education Program. Erfitt hefur reynt að fá sómalskar fjölskyldur til þess að taka þátt. Til þess að ná til þessara fjölskyldna hefur markvisst verið unnið að því að aðlaga áætlunina hinum sómölsku íbúum. Smávægilegar – en þó afgerandi hindranir komu í ljós við innleiðingu áætlunarinnar sem hafði í för með sér eftirfarandi breytingar:

1. Sveitarfélagið réð aðila með sómalskan bakgrunn sem hlaut kennslu í COPE
2. Unnin voru myndskreið með sómölskum foreldrum og börnum. Í COPE eru notuð leikin myndskreið sem rædd eru í hópunum.
3. Gerður var bæklingsur á sómölsku þar sem inntaki COPE erlýst.

Eftir þessar breytingar hafa sífellt fleiri sómalskar fjölskyldur viljað taka þátt í COPE. Frá árinu 2011 hafa verið haldin námskeið þar sem sómalskar fjölskyldur hafa tekið þátt. Fjöldi þátttakenda hefur vaxið jafnt og þétt úr 15 einstaklingum upp í u.þ.b. 30 í hverjum hópi. Lykill að velgengninni er náði samstarf milli sveitarfélagsins og sómölsku fjölskyldnanna um fyrirkomulag og inntak. Bæði karlar og konur koma í hópana.

COPE – The Community Parent Education Program, er fræðsluáætlun fyrir foreldra samin af prófessor Charles Cunningham frá Kanada.

COPE miðar að því að:

- gefa foreldrum verkfæri til að skilja og mæta börnum sínum
- efla hina fullorðnu í lífi barns í foreldrahlutverki sínu
- bæta samskipti innan fjölskyldunnar
- skapa tengslanet á milli hinna fullorðnu

### 3. Gagnreyndar stuðningsáætlanir fyrir foreldra



#### BAKGRUNNUR

Á Norðurlöndum er fjölskyldum boðinn stuðningur með mismunandi hætti. Allar fjölskyldur falla undir hið almenna félags- og heilbrigðiskerfi og öll börn á Norðurlöndum geta gengið í skóla og leikskóla. Þessi og fleiri kerfi veita grundvallaröryggi. Um leið er þörf fyrir endurnýjun og endurbætur á þeim stuðningsúrræðum sem fjölskyldum

bjóðast í dag svo þau séu í samræmi við breyttar aðstæður í lífi fólks í nútímasamfélagi. Áætlun sem eflir foreldrahæfni getur verið mikilvæg viðbót við þá grunnþjónustu sem er til staðar.

## VANDAMÁL OG ÁSKORANIR

Í þeim viðtölum sem tekin voru á fjölskyldumiðstöðvum í frumathuguninni kom í ljós, að daglegt líf fjölskyldna í dag gerir kröfur um annars konar stuðning en áður. Þeir sem rætt var við bentu á að lífið byggðist oft meira á einstaklingnum en áður, sem leiðir til þess að mörgum foreldrum finnst þeir vera einir í baráttunni í daglegu lífi.

Án utanaðkomandi stuðnings kann hluti foreldra að eiga erfitt með að sinna foreldrahlutverki sínu. Oft er stuðningurinn afmarkaður við vissan aldurshóp og þá skortir fjölskyldur stuðning þegar börnin eldast. Til framtíðar er því mikilsvert að geta veitt sveigjanlegan stuðning við foreldra þar sem í boði eru misumfangsmikil úrræði eftir þörfum fjölskyldunnar. Margir þeirra sem rætt var við lögðu áherslu á að fjölskyldur glímdu við margs konar ólík vandamál. Auk þess getur þörf fyrir foreldrastuðning verið breytilegt vegna skilnaðar eða annarra erfiðleika í lífinu. Einn starfsmaður á fjölskyldumiðstöð orðaði þetta svo í athuguninni: „Það hefur örugglega haft áhrif að við erum til staðar til lengri tíma. Stundum er ekki eins mikil þörf fyrir okkur þegar erfiðleikarnir eru liðnir hjá. Það er mikilvægt að samskipti við fjölskyldumiðstöðina byggjast á trausti.“ Það getur verið þáttur í að skapa samfellu í stuðningi við foreldra að bjóða gagnreyndar stuðningsáætlanir fyrir foreldra til viðbótar við grunnþjónustuna.

## TILLÖGUR AÐ ÞRÓUN

Við mælum með því að fjölskyldumiðstöðvar bjóði gagnreyndar stuðningsáætlanir fyrir foreldra á þremur stigum: altækan stuðning í foreldrahlutverkinu fyrir alla, sértæka áætlun sem beinist að hópi fólks með ákveðin vandamál og afmarkaða áætlun sem beinist að fjölskyldum í mikilli áhættu. Gagnreyndar stuðningsáætlanir fyrir foreldra er leið til að skapa viðeigandi og stöðugan grundvöll fyrir foreldrastuðning.

Í dag eru fyrir hendi stuðningsáætlanir fyrir foreldra, byggðar á handbókum sem gefið hafa góða raun bæði fyrir foreldra og börn. Í meginatriðum byggjast áætlanirnar á sömu grundvallarlögmálum. Mikilvægt er að sveitarfélög, sem vilja bjóða stuðningsáætlun fyrir foreldra, skilgreini og velji áætlun sem innleidd er og getur veitt fjölskyldum stuðning á ólíkum stigum. Í þessu verkefni var ákveðið að nota áætlunina

**Foreldrastuðningur á Norðurlöndum** er einfölduð útgáfa af hinu norska TIBIR. Grundvallaratriði er að líkanið feli í sér úrval af fyrirbyggjandi úrræðum, á mismunandi stigum: altæk, sértæk og afmörkuð.


Lesið meira:  
[www.vanersborg.se](http://www.vanersborg.se)

*Stuðningur við foreldra á Norðurlöndum (Föräldrastöd Norden)* sem fyrirmynd að kynningu stuðningsáætlunar fyrir foreldra (sjá: Hugmyndarit – *Börn á Norðurlöndum – Snemmbær úrræði fyrir börn og fjölskyldur*).

### DÆMI FRÁ SVÍÐJÓÐ UM SVEITARFÉLAG MEÐ STUÐNING FYRIR FORELDRA BARNÁ Á ÖLLUM ALDRI

Sveitarfélagið Vänersborg hefur þróað heildstætt framboð af úrræðum. Þar er stuðningur við foreldra „frá meðgöngu fram á unglingsár“ samkvæmt forvarnaráætlun á mismunandi stigum:

- **Nýr kafli í lífinu:** fjölskyldur með börn til tveggja ára. Foreldrastuðningur býðst hjá fjölskyldumiðstöðinni Sirius, móttöku ljósmæðra, ungbarnaæftirlitinu og opna fjölskylduleikskólanum sem er fyrir fjölskyldur núll til sex ára barna sem þarfnast meiri stuðnings.
- **Yndislegt og erfitt tímabil:** fjölskyldur með þriggja til tólf ára börn. Foreldrastuðningur býðst með PREP, sem er stytting á „Prevention and Relationship Enhancement Program“, sem er heilbrigðisefning fyrir sambýlisfólk auk KOMET-stuðningsáætlunar fyrir foreldra til að efla samræður og draga úr átökum.
- **Tími til að losa um tauminn:** fjölskyldur með þrettán til átján ára börn. Foreldrastuðningur býðst í gegnum Unglinga-KOMET auk foreldrafræðslu í skólanum.



## 4. Orka eldhuganna beisluð – skráning og eftirfylgni

### BAKGRUNNUR

Algengt er að á fjölskyldumiðstöðvum eða öðrum stofnunum, sem ætlaðar eru fjölskyldum, séu einn eða tveir burðarstólpur, svo kallaðir eldhugar, sem hafa brennandi áhuga á starfi sínu. Án framlags þeirra hefðu margar nýjungar og hugmyndir, sem komust í framkvæmd, aldrei litið dagsins ljós. Margt af því sem gert er, fer ekki út fyrir veggj viðkomandi stofnunar og því er hætt við að það gleymist. Erfitt er að viðhalda gæðum og þróa úrræði ef starfsemin er ekki skráð og eftirfylgni höfð með henni.

Í þessu verkefni höfum við notað hugtakið „orka eldhuganna beisluð“. Með hugtakinu viljum við leggja áherslu á að staðbundið frumkvæði og hæfileikar eru mikilvægir en til þess unnt sé að fylgja eftir og þróa úrræði verður að skrásetja starf þessara eldhuga. Fyrsta skrefið getur verið að gera handbók um það starf sem unnið er.

### VANDAMÁL OG ÁSKORANIR

Vandamálið í dag er að oft eru mörg úrræði í boði en gæði þeirra eru mismunandi. Auk þess er hætt við að þekking

Sjá eyðublaðið á [www.nordicwelfare.org/tidigainsatser](http://www.nordicwelfare.org/tidigainsatser)

á góðum úrræðum sé aðeins bundin hlutaðeigandi einstaklingi ellegar viðkomandi stofnun. Þessu mætti líkja við „minniskubb“. Ef öll þekking er geymd á þessum eina minniskubbi verður ekkert eftir ef hann skemmist eða týnist. Það þarf ekki annað en að eldhuginn fari á eftirlaun, flytji burtu eða skipti um starfsvettvang. Rannsókn og þróun á starfsemi, sem ekki er skráð, er einnig vandkvæðum bundin.

Eins og sakir standa er víða á Norðurlöndum verið að þróa aðferðir til að skrá og fylgja eftir slíku starfi, en þessar aðferðir eru allar mismunandi. Í Svíþjóð hefur Félags- og heilbrigðisráðuneytið gert tilraun með eyðublað sem nota má sem hluta af staðbundinni eftirfylgni. Staðbundin eftirfylgni er tengd einstaklingi, þ.e.a.s. upplýsingum um hvern einstakan þátttakanda er safnað saman og svo eru þær skoðaðar í samhengi við hópinn. Kerfisbundin og skipulögð eftirfylgni gefur góðan grunn fyrir vangaveltur um það hvernig einstaklingi vegnar að loknu úrræði. Einnig má nota niðurstöður til þess að ákveða úrræði í hópum. Í Jönköping léni er einnig verið að þróa handbók sem nota má markvisst við eftirfylgni á starfsemi fjölskyldumiðstöðva. Í handbókinni er eyðublað fyrir sjálfsmat fjölskyldumiðstöðvar. Eyðublaðið er hugsað sem fyrsta skref í eftirfylgni og til að meta breytingar á starfseminni. Handbókin er byggð á þeim þörfum sem komu fram í mati (2008) á 16 fjölskyldumiðstöðvum á Vestur-Gautlandi.

### TILLÖGUR AÐ ÞRÓUN

Í þessu riti leggjum við til að mótað verði sameiginlegt norrænt skráningarkerfi fyrir fjölskyldumiðstöðvar í framtíðinni. Kerfisbundin skráning felst í því að hver starfseining lýsir úrræðinu og notkun þess. Sé úrræði lýst með áreiðanlegum hætti, er unnt að endurtaka, þróa og kanna áhrif þess. Samræmd skráning gerir einnig mögulegan samanburð á úrræðum. Hvað fjölskyldumiðstöðvarnar varðar, getur nákvæmari skráning auðveldað þeim að skýra gagnsemi starfseminnar fyrir fjölskyldum, þeim sem taka ákvarðanir og þeim sem stýra fjármagninu.

### DÆMI: ÁRANGURSMIÐUÐ STJÓRNUN HJÁ DÖNSKU MÆÐRAHJÁLPINNI

Nýstárlegt dæmi um skráningu og eftirfylgni sem byggir á árangursmiðaðri stjórnun (RBS) er að finna hjá dönsku mæðrahjálpinni. Í verkefninu „I Gang“, sem er hluti af starfsemi mæðrahjálparinnar, hefur RBS stjórnunin verið notuð í starfi með barnshafandi konum sem standa höllum fæti. Í þessu verkefni eru breytingar metnar á grundvelli

fjögurra mælikvarða: „móðurhlutverksins“, „tengslanets“, „aðgerðahæfni“ og „menntunar“. Þróun þessara fjögurra þátta er metin jafnt og þétt á þremur stigum (sjá fylgiskjal 1). Niðurstaðan gefur til kynna, hvernig aðstæður konunnar breytast. Þannig má greina að hve miklu leyti áhrifin koma strax fram en einnig er þróuninni fylgt eftir um lengri tíma.

Markmiðið með RBS stjórnuninni er að móta aðferð sem skráir áhrif úrræðisins og auðveldar þekkingarmiðlun á öllum sviðum innan stofnunarinnar. Allir hlutar áætlunarinnar byggja á handbók. Stofnunin getur allt eins verið sveitarfélag. Grunnhugsunin er sú, að gögn, sem safnað er frá hópastarfi eða einstaklingsbundnu starfi, megi nota til að:

1. skilgreina skipuleg markmið, þróa úrræðið
2. gera mögulega samfellda átætlanagerð til langs tíma
3. vera grundvöllur þróunar á faglegri hæfni



## Viðtal

VIÐTAL VIÐ ULLA KROGAGER FRÁ DÖNSKU  
MÆÐRAHJÁLPINNI

Mæðrahjálpin er einkarekin mannúðarsamtök sem á rætur að rekja aftur til upphafs 20. aldar. Samtökin eiga sér langa sögu í samvinnu við hið opinbera. Meginhlutverk þeirra er ráðgjöf og stuðningur við barnshafandi konur og barnafjölskyldur í erfiðleikum.

Markmið verkefnisins „I Gang“ er að hjálpa ungum mæðrum sem standa höllum fæti að hefja nám eða starf. Um leið er hægt að fá stuðning til að gegna foreldrahlutverkinu og við að byggja upp stuðningsnet.

Dæmigerður þátttakandi í verkefni mæðrahjálparinnar „I Gang“ er ung barnshafandi kona eða móðir, með lélegt sjálfsmat sem kvíðir framtíð sinni. Að öllum líkindum er að finna marga áhættuþætti í bakgrunni hennar, t.d. lítið stuðningsnet, nám sem ekki hefur verið lokið, einelti, skilnað, misnotkun áfengis/vímuefna, ofbeldi í fjölskyldu, jafnvel heimilisleysi.

Mæðrahjálpin hjálpar konunum að finna starf eða hefja nám og verða betri foreldrar. Stuðningurinn byggist á fjórum úrræðum: menntun eða starfi, eflingu í foreldrahlutverki, að styrkja stuðningsnetið og nýta betur eigin aðgerðahæfni, þ.e.a.s. getu til sjálfshjálpar.

Samtökin eru algjörlega háð eigin tengslaneti, m.a. tengslum við sveitarfélag, vinnumiðlun, ljósmæður, menntastofnanir, stuðningaðila, geðsvið, lögreglu og ráðgjöf fyrir sjúklinga.

– Við erum algjörlega háð tengslaneti, segir Ulla Krogager, yfiráðgjafi hjá mæðrahjálpinni í Árósum. Um leið er það mikilvægt fyrir okkur að hafa ekki ásýnd yfirvalds, það eru aðrir sem sjá um það. Skjólstæðingar okkar eru ekki vanir að bera traust til fullorðinna. Við byggjum upp góð tengsl við skjólstæðinga svo að þeir treysti því að við séum til staðar til þess að veita þeim stuðning.

Starf samtakanna byggist á verkefnum og fjármögnun er í raun alltaf háð því að við getum sýnt fram á góðan árangur. Til þess að leggja mat á árangur hefur mæðrahjálpin þróað nútímalega aðferð til skráninga sem byggir á árangursmiðaðri stjórnun. Þannig er sýnt fram á, að starf af þessu tagi er hægt að skrá á gagnlegan hátt og er þetta gott fordæmi fyrir sambærilega starfsemi á Norðurlöndum.



Skráningarkerfi mæðrahjálparinnar gerir kleift að nota niðurstöðurnar sem stuðning við starfið frá degi til dags. Skráningin auðveldar bæði fræðsluferlið og þróun aðferða.


Úrræðin byggja á breytingakenningu og handbókum sem skilgreina tengsl milli þeirra bjargráða, sem lögð eru fram, aðgerða og árangurs. Matskerfi, sem grundvallast á breytingakenningunni, tilgreinir mælanleg markmið. Inn í stafrænt kerfi eftirfylgni eru gögn skráð og tekin út og mynda þau þannig grundvöll fyrir breytingar og þróun.

Hvað varðar skjólstæðinga er sérhver starfsmaður ábyrgur fyrir því að safna gögnum og færa í dagbók sem tengist aðgerðaáætlun og fyrri niðurstöðum. Fyrir hvern skjólstæðing er búið til stöðuyfirlit sem einfalt er að túlka og gefur góða mynd af þróuninni.


Mánaðarlega er safnað saman gögnum fyrir þá skjólstæðinga sem hafa lokið ákveðnum hluta úrræðis. Bæði jákvæðar og neikvæðar breytingar eru ræddar innan teymisins og eftir þörfum eru gerðar nýjar áætlanir. Niðurstöður má nota til þess að lagfæra hugsanleg vandamál varðandi tiltekna skjólstæðinga og til þess að greina þróunina í starfinu í heild.

Ársfjórðungslega er gerð skýrsla fyrir yfirstjórn samtakanna sem getur fylgst með niðurstöðum verkefna. Þessar niðurstöður eru grundvöllur viðræðna við stjórnvöld á hverjum stað og síðast en ekki síst grundvöllur að trúverðugleika samtakanna.

– Það er þessari skráningu og mælingum okkar að þakka að við erum í góðum samskiptum við sveitarfélagið, segir Ulla Krogager. Við getum sýnt góðar niðurstöður og það skiptir sköpum, það er vel þess virði að vinna þessa vinnu.



## 5. Samstarf við sérfræðipjónustu skilgreint



### BAKGRUNNUR

Sá stuðningur sem fjölskyldumiðstöð eða svipuð starfsemi getur boðið takmarkast ætíð við það framboð og þá sérfræðipækkingu sem til staðar er hjá viðkomandi starfseiningu. Stundum er það hvorki mögulegt né skynsamlegt að þróa eigin getu heldur þarf að vísa erindinu áfram. Þetta á við þegar þarfir fjölskyldna eru mjög miklar en það getur einnig snúist um afmarkaða þörf fyrir stuðning sem krefst lyfja- eða geðrænnar meðferðar af einhverju tagi. Í slíkum tilvikum ætti meginábyrgðin ekki að liggja hjá fjölskyldumiðstöðinni heldur hjá annarri viðeigandi stofnun.

### VANDAMÁL OG ÁSKORANIR

Niðurstöður af frumathuguninni í þessu verkefni sýna, að fjölskyldumiðstöðvar líta oft svo á að samvinna milli almennra grunnþjónustueininga (heilsuverndar mæðra og barna, opins leikskóla, leikskóla) gangi vel. Aftur á móti þótti samstarfi við svo kallaða sérfræðipjónustu (t.d. geðsvið og þá sem sinna meðferð vegna áfengis- og vímuefnaneyslu) á margan hátt ábótavant og vera óskýrt. Sérstaklega var tekið fram að samvinna við þessa þjónustu væri ekki í nógu föstum skorðum. Samskiptin eru oft einhliða gagnvart

sérfræðiþjónustunni. Etirfarandi dæmi lýsa slíkum samskiptum:

*Ljós móðir: „Ég held að ég hafi aldrei lent í því að geðsviðið hefði samband“*

*Yfirmaður fjölskyldumiðstöðvar: „Jú, einu sinni lenti ég í því ... en þá var það í raun tengiliður sem við þekktum“*

*Ljós móðir: „Já, við höfðum einu sinni um tíma geðlækni á heilsugæslunni ...“*

*Yfirmaður fjölskyldumiðstöðvar: „Jú, en hann var svo störfum hlaðinn að samstarfinu lauk!“*

*Umræður í rýnihópi, janúar 2012*

Mörg dæmi komu fram í athuguninni um að fjölskyldumiðstöðvar eru neyddar til að takast á við of erfið vandamál. Á einu þeirra svæða, sem athugunin náði til, hafði Barna- og unglingsgeðdeild verið lögð niður um leið og fjölskyldumiðstöðin var stofnuð. Næsta geðdeild fyrir börn var þá í um 50 km fjarlægð. Ekki eingöngu fjölskyldumiðstöðin heldur einnig þeir sem störfuðu á leikskólum og annarri fyrirbyggjandi þjónustu sögðust vera að sinna barnafjölskyldum með of erfið vandamál miðað við þau bjargráð og þekkingu sem þeir bjuggu yfir.

## **TILLÖGUR AÐ ÞRÓUN**

Við viljum leggja áherslu á mikilvægi þess að skapa fastar verklagsreglur um samvinnu við sérfræðiþjónustu (t.d. geðsvið, áfengis- og vímuefnaeðferð). Markmiðið er að koma á skriflegum samningi með vel skilgreindum verkefnum fyrir alla aðila. Samkomulagið þarf að undirstrika mikilvægi samvinnu í báðar áttir, þ.e.a.s. frá sérfræðiþjónustu til fjölskyldumiðstöðva og annarra grunnþjónustueininga um leið og samkomulag þarf t.d. að vera um það hvernig geðsvið á að vinna með grunnþjónustu sveitarfélagsins. Fjölskyldumiðstöðin getur verið eins og hlekkur þarna á milli.

Eftirsókn eftir nánara samstarfi milli sérfræðiþjónustu og grunnþjónustu er í takt við pólitískar áherslur á Norðurlöndunum um þessar mundir. Í Noregi kemur þetta m.a. fram í umbótaáætlun (Samhandlingsreform) sem nýlega var komið til leiðar á sviði félags- og heilbrigðismála.

Samvinna milli grunnþjónustu og sérfræðiþjónustu er jafnframt einn undirstöðuþáttanna í þróunarverkefninu Kaste innan finnska félags- og heilbrigðiskerfisins. Það fagfólk, sem tók þátt í fyrsta hluta Kaste-verkefnisins, sagði í nýlegri úttekt, að samvinna milli þjónustueininga sem sinntu barnafjölskyldum hefði aukist, en til þess að auka samvinnuna enn meira þyrfti skýrari forystu og stjórnun á stefnu þróunarstarfsins.

#### **DÆMI: HANGÖ Í FINNLANDI – SAMSTARF VIÐ GEÐSVIÐ**

Gott dæmi um samstarf milli sérfræði- og grunnþjónustu er að finna í bænum Hangö í Finnlandi. Bæjaryfirvöld vinna með geðsviðinu með því að hafa einn starfsmann við heilsuvernd mæðra og barna (ráðgjöf). Á fjölskyldumiðstöðinni starfar geðhjúkrunarfræðingur sem tekur þátt í foreldranámskeiðum fyrir verðandi foreldra. Geðhjúkrunarfræðingurinn hittir verðandi foreldra fyrir fæðingu barnsins og fljótt eftir fæðinguna. Fyrir notendur er auðvelt að hafa samband við t.d. geðsviðið í Hangö ef fólk þarf meiri stuðning en foreldranámskeiðin bjóða. Ekki er þörf fyrir tilvísun og biðtími er stuttur. Fyrir umfangsmeiri rannsóknir eða innlagnir er krafist tilvísunar.

## 6. Starfsemi byggð á sameiginlegum þekkingargrunni



### BAKGRUNNUR

Á fjölskyldumiðstöðvum starfar fagfólk með ólíkan þekkingargrunn. Í framtíðinni er þörf fyrir að fjölskyldumiðstöðvar og samstarfsaðilar þeirra innan sveitarfélagsins hafi sameiginlegan þekkingargrunn. Þekkingarstuðningur getur verið nauðsynlegur þegar fagfólk þarf í sameiningu að ákvarða stuðning við fjölskyldur með vandamál sem krefjast ólíkra úrræða sem vinna saman.

### VANDAMÁL/ÁSKORANIR

Erfitt getur verið í reynd að vinna út frá sameiginlegum þekkingargrunni. Í dag er til breiður þekkingargrunnur um úrræði. Einnig eru til rannsóknir sem sýna að nýrri þekkingu er hægt að koma í framkvæmd með áhrifaríkum hætti. Í frumathuguninni kom í ljós að fagfólk, sem vinnur með barnafjölskyldum, skortir oft sameiginlegan grundvöll fyrir starf sitt og þann þekkingarstuðning sem nauðsynlegur er.

## TILLÖGUR AÐ ÞRÓUN

Í verkefninu leggjum við til að allar fjölskyldumiðstöðvar leitist við að byggja upp starfsemi sem reist er á sameiginlegum þekkingargrunni. Þekkingargrunninn má byggja á rannsóknnum á áhættu- og verndarþáttum barna (sjá hugmyndaritið: *Börn á Norðurlöndum – Snemmbær úrræði fyrir börn og fjölskyldur*). Forsendur þess að búa til slíkan þekkingargrunn eru að starfsfólkið hljóti fræðslu um áhættu- og verndarþætti og hvernig unnt er að nota þá vitneskju í starfi. Einnig er unnt að skilgreina sameiginlega aðferð sem unnið er út frá. Leiðbeinandi samspil/ICDP er dæmi um aðferð sem snýst um sameiginlegt viðhorf til foreldra og barns. Við fjöllum meira um þessa aðferð síðar í þessu riti.

Lesið meira á  
[www.skl.se/pinocchio](http://www.skl.se/pinocchio)

## DÆMI: PINOCCHIO Í SVÍPJÓÐ – ÞEKING Á ÁHÆTTU- OG VERNDARÞÁTTUM SEM GRUNDVÖLLUR

Dæmi um það hvernig þekking á áhættu- og verndarþáttum nýtist í starfi er *Pinocchioverkefnið*. Upphaf þess árið 2005 var að frumkvæði sveitarfélaga og landsþinga í Svíþjóð auk þróunarstofnunar fyrir félagsþjónustu (IMS). Markmiðið var að bæta fyrirbyggjandi starf tengt börnum í áhættuhópum sem hætt var við að þróuðu með sér varanlega frávikshegðun. Verkefnið miðaði m.a. að því að skilgreina svo kölluð *breytingahugtök* sem væri hægt að nýta í daglegu starfi með börnum með frávikshegðun. Eitt þeirra sveitarfélaga, sem innleiddi þekkingu á áhættu- og verndarþáttum sem þekkingarstuðning í starfsemi sinni, er Sjöbo í Svíþjóð. Sveitarfélagið notar skimun á áhættu- og verndarþáttum ef eitthvert barn þarfnast viðbótar stuðnings. Sameiginlega er ákvarðað um um stuðning til þess að styrkja verndarþætti og draga út áhættuþáttum. Þetta þróunarstarf hefur t.d. auðveldað samskipti milli félagsþjónustu, leikskóla, skóla og heilsuverndar barna.

## DÆMI: KVELLO-AÐFERÐIN Í NOREGI

Kvello-aðferðin sem breiðst hefur út í Noregi er enn eitt raunhæft dæmi þar sem þekking á áhættu- og verndarþáttum er notuð í starfi. Það er Øyvind Kvello frá *Det skapende universitet*, NTNU, í Noregi sem hefur þróað aðferðina. Kvello-aðferðin byggir á sameiginlegri þekkingu heilsugæslu og leikskóla og gerir mögulegt að skima börn á aldrinum eins til sex ára í leikskólanum. Greining samkvæmt Kvello-aðferðinni fer fram í samstarfi heilsugæslu fyrir börn og leikskólans sem í sameiningu skrásetja áhættu- og verndarþætti barnsins.



Läs mer:  
[www.ntnu.no](http://www.ntnu.no)

Að því loknu eru foreldrarnir settir inn í málið. Starfsfólk sem ber ábyrgð á eftirfylgninni sér til þess að fjölskyldunni bjóðist viðeigandi hjálp eigi síðar en átta vikum eftir að samskipti við foreldra hefjast. Bakgrunnur Kvello-aðferðarinnar eru rannsóknir sem benda til þess að sýn hinna fullorðnu á vandamál barna er oft mjög ólík. Mismikið samræmi kann að vera milli foreldra og fagfólks í afstöðu til vanda barns á skólaaldri.

### **DÆMI: ICDP – SAMEIGINLEGT VIÐHORF Í FINNLANDI**

Leiðbeinandi samspil/ICDP, International Child Development Programme er aðferð sem miðar að því að styrkja samspil milli foreldra og barns. Leiðbeinandi samspil er sérstaklega þróað fyrir norrænar aðstæður og grundvallast á alþjóðlega kerfinu ICDP. Það kerfi leggur mikla áherslu á að efla ábyrgð og næmni hinna fullorðnu gagnvart þörfum barna og hugsunum. Leiðbeinandi samspil/ICDP getur verið sameiginlegur grundvöllur fagfólks til þess að styðja barnið og fjölskylduna af virðingu. Þetta dæmi kom m.a. fram á fundi með fjölskyldumiðstöðinni „Ankaret“ í Pargas þar sem ICDP hefur verið notað sem sameiginlegur grunnur fyrirbyggjandi starfsemi á fjölskyldumiðstöðinni.

Nýleg úttekt á ICDP í Noregi – „Evaluering av Program for foreldreveiledning basert på International Child Development Programme“ (2011) – staðfestir að ICDP virðist virka vel sem þekkingarstuðningur bæði fyrir foreldra og fagfólk, jafnvel frá sjónarhorni rannsókna. Í úttektinni var rætt við fjóra mismunandi foreldrahópa auk fagfólksins: einn hóp foreldra sem endurspeglar meirihluta íbúanna, einn minnihlutahóp, einn hóp innan fangelsis og einn hóp foreldra barna með sérþarfir. Úrtakið voru 204 þátttakendur. Í samanburðarhópnum voru 79 þátttakendur. Niðurstöður sýndu að fagfólk, sem notaði þessa aðferð, upplifði aukinn áhuga í starfi sínu. Á sama tíma upplifðu allir foreldrahóparnir að andrúmsloftið heima fyrir var friðsamara og minna var um átök eftir þátttöku í verkefninu.



Skýrsluna má finna hér:  
[www.nordicwelfare.org/tidigainsatser](http://www.nordicwelfare.org/tidigainsatser)



Lesið meira:  
[www.icdp.se](http://www.icdp.se)

## 7. Áætlun lögð fram um áframhaldandi þróun og innleiðingu úrræða



### BAKGRUNNUR

Engin breyting á starfseminni verður af sjálfu sér. Það tekur oft tíma og krefst markvissrar vinnu að innleiða nýja þekkingu og skapa nýja starfshætti. Mikilvægur hluti innleiðingarferlis er skilningur á því að breyta þurfi fyrri starfsháttum. Innleiðingarferlið er því, ásamt þarfagreiningu og nýrri þekkingu, mikilvægur hluti af markvissu starfi með fjölskyldum. Tryggð við aðferðina, sem felst í því að sú aðferð, sem innleidd er, sé notuð í raun og allir starfsmenn fylgi henni eins og til er ætlast, hefur mikla þýðingu í þessu sambandi. Í nýrri skýrslu frá Heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytinu í Svíþjóð – „Om implementering“ – er bent á að tryggð við aðferðina sé einn mikilvægasti þátturinn í markvissu starfi með fjölskyldum. Þetta er mikilvægt af þeim sökum, að gagnreyndar aðferðir innihalda oft svokallaða kjarnapætti sem eru grundvöllur aðferðarinnar. Ef aðferð er framkvæmd eftir eigin höfði og án þessara kjarnapátta, getur útkoman orðið slæm eða mun síðri, samkvæmt skýrslunni. Slíkt er hvorki rétt gagnvart fjölskyldum né ásættanlegt út frá fjárhagslegu sjónarmiði.

Skýrsluna er að finna í heild á [www.nordicwelfare.org/tidigainsatser](http://www.nordicwelfare.org/tidigainsatser)



## VANDAMÁL OG ÁSKORANIR

Sú úttekt á starfsemi, sem fólst í þessu verkefni, leiddi í ljós að mörgum úrræðum, sem farið var af stað með, lauk eftir ákveðinn tíma. Eitt dæmi var þegar kanna átti hvernig gengi með þrenns konar starfsemi sem snerist um fyrirbyggjandi starf á svæðum þar sem margir innflytjendur bjuggu. Í einu tilviki hafði starfinu verið hætt þrátt fyrir góðan árangur. Þegar spurt var um þetta starf, var svarað: „Jú, það er rétt. Við vorum með svona starfsemi en því miður hætti sú sem byrjaði með þetta að vinna hér.“

Það tekur langan tíma að innleiða nýja þekkingu og mikið af því sem gert er þarf að endurmeta og aðlaga áður en það verður að föstum starfsvenjum. Ef til vill þarf að búa til nýtt efni og hugsanlega verður endurnýjun í starfsliði. Þetta er mikilvægt að hafa í huga til þess að starfsemi sem komið er á laggirnar haldi áfram og þróist.

## TILLÖGUR AÐ ÞRÓUN

Þegar innleiddar eru nýjar starfsaðferðir, er þörf fyrir langtíma áætlun til þess að vel takist til. Rannsóknir sýna, að það getur tekið þrjú til fimm ár að innleiða nýja aðferð. Við leggjum til að öll sveitarfélög geri áætlun um innleiðingu og eftirfylgni nýrra aðferða sem felst í sérstakri fræðslu, handleiðslu og eftirfylgni. Æskilegt er að allur starfshópurinn sé uppfræddur um innleiðingarstarfið frá upphafi. Þegar til lengri tíma er litið, getur stuðningur á landsvísu við innleiðingu þessa starfs ráðið úrslitum hvernig til tekst.

## DÆMI UM INNLEIÐINGU ÞEKKINGARMÍÐAÐS STARFS Á LANDSVÍSU

Markvisst og langvarandi starf styrkist þegar því er sýndur áhugi á öllum stigum: á landsvísu, staðbundið og þar sem starfið er unnið. Í Noregi hefur fjölgun fjölskyldumiðstöðva (familiens hus) orðið á sama tíma og gerð var áætlun um innleiðingu á landsvísu. Grundvöll þeirrar innleiðingar er að finna í umbótaáætlun (Samhandlingsreform) sem tók gildi 1. janúar 2012. Áætlunin hefur leitt til skýrari stefnu hjá sveitarfélögum varðandi samræmingu þjónustu fyrir börn. Um leið hefur sveitarfélögum boðist meiri stuðningur til þess að geta safnað og miðlað þekkingu um áhrifaríkar og sannprófaðar leiðir til þess að styðja fjölskyldur. Minni miðstýring þjónustunnar hefur haft í för með sér skipulag sem gerir starfsfólki kleift að bæta stöðugt við sig þekkingu.

Í reynd hefur stuðningur við starfsemi innan sveitarfélaga sem

beinist að fjölskyldum m.a. leitt til þess, að lýðheilsustofnunin í Noregi hefur falið RKBU (Regionala Kunnskapssenter for Barn og Unge) að styðja sveitarfélögin í starfi þeirra með fjölskyldum og börnum. Þrjú grundvallarviðmið fyrir þetta starf hafa verið sett fram til að tryggja samfelld og jöfn gæði þeirrar þjónustu sem boðin er vítt og breitt um landið. Þetta þýðir að öll starfsemi skal:

- 1. efla heilsu og vera fyrirbyggjandi**
- 2. byggð á þekkingu**
- 3. miða að þátttöku notenda og efla virkni fjölskyldna**

*Svæðismiðstöðvar, RKBU/RBUP, skapa, ásamt stefnumörkun á landsvísu, skilyrði fyrir því að innleidd þekking sé notuð eins og til er ætlast. Það skapar einnig forsendur fyrir því að þekkingin þróist áfram og bjóðist öllum á sömu forsendum í landi með hlutfallslega mörg og smá sveitarfélög. Eins og sakir standa vinna fjórar svæðismiðstöðvar að því að safna saman og miðla þekkingu hver á sínu svæði. Vegna þessara svæðismiðstöðva er hægt með árangursríkum hætti að miðla og þróa gagnreyndar aðferðir í slíkri starfsemi.*

Í Danmörku hefur þróun fjölskyldumiðstöðva (familiens hus) einnig notið stuðnings á landsvísu. Þetta hefur þýtt að 50 milljónum danskra króna, rúmum 4 milljónum evra, hefur verið úthlutað til tveggja tilraunasveitarfélaga. Fyrirmynd verkefnisins er reynsla frá verkefninu „I Gang“ í Árósum (sjá kafla 4 í þessu riti). Í reynd hefur þetta þýtt, að tvær fjölskyldumiðstöðvar (familiens hus) hafa verið settar á laggirnar sem tilraunaverkefni, í sveitarfélögunum Esbjerg og Høje-Tåstrup. Hugmyndin með tilraunasveitarfélög er sú að þróa og leggja mat á starfsemina áður en fleiri fjölskyldumiðstöðvar eru settar á fót í landinu. Frumkvæðið byggir á stefnumótun á landsvísu um stuðning á öllum sviðum við ungar og viðkvæmar mæður.

## VIÐTAL VIÐ MONICU MARTINUSSEN – STUÐNINGUR Á LANDSVÍSU Í NOREGI

Rétt eins og stjórnámamenn annars staðar á Norðurlöndum vilja norskir stjórnámamenn lækka þröskuldinn fyrir fjölskyldur að leita eftir stuðningi samfélagsins. Því hefur Noregur lagt áherslu á það á landsvísu með fjórum svæðisbundnum þekkingarmiðstöðvum fyrir börn og unglinga, RKBU/RBUP. Lýðheilsustofnun hefur falið þeim að aðstoða sveitarfélögin við að koma á fót fjölskyldumiðstöðvum eða sambærilegri starfsemi.

– Sveitarfélögin velja sjálf leiðina, það er engin fjárhagsleg hvatning að velja formið fjölskyldumiðstöð (Familjens hus), en kveðið er á um að sveitarfélögin skuli samræma þjónustu sína, segir Monica Martinussen, prófessor, yfirmaður rannsóknarhóps á sviði forvarna í geðheilbrigðismálum og aðstoðarforstjóri RKBU-Norður. Við erum ánægð með fjölskyldumiðstöðvarnar en við höfum ekki forsendur til þess að fullyrða að það sé besti valkosturinn. Ein könnun sem við gerðum, sýnir að starfsfólki fellur vel við þessa leið og getur ekki hugsað sér að starfa á annan hátt.

Dæmigerð fyrstu tengsl eru að einhver hjá sveitarfélaginu hefur samband við RKBU-Norður og lætur vita að sveitarfélagið hafi ákveðið að samræma þjónustu sína. Í helmingi tilvika kemur uppástunga um að stofna fjölskyldumiðstöð frá embættismanni – en jafn oft er þetta pólitísk ákvörðun. Við sendum allar upplýsingar, sem við höfum yfir að ráða, og vísam á heimasíðu okkar, segir Monica Martinussen. Í Noregi eru yfir 400 sveitarfélög og við getum ekki gert okkur ferð til þeirra allra, en við bendum á árlegar svæðisráðstefnur þar sem fólk miðlar af reynslu sinni og öllum áhugasömum er boðið að taka þátt í fagdegi. Markmið hans er að koma á fót tengslaneti um leið og þátttakendum gefst kostur á að taka þátt í námskeiðum um málefni sem tengjast starfi þeirra. Einnig er til virkt tengslanet fyrir stjórnendur fjölskyldumiðstöðva.

Eftir að fyrstu tengsl eru komin á og rætt hefur verið um málið í framhaldi af því, tekur sveitarfélagið endanlega pólitíska ákvörðun um stofnun fjölskyldumiðstöðvar. Næsta ápreifanlega skref er þegar þjónustueiningar flytja undir eitt þak. RKBU veitir stuðning og skapar tengsl á því tímabili sem þetta ferli stendur yfir.

– Við viljum gjarnan heyra álit fólks á því hvað vera skal í boði og ætlumst til að það sé gagnreynd þjónusta á öllum

sviðum, bæði altæk, sértæk og afmörkuð, segir Monica Martinussen. Við vísum einnig á heimasíðuna ungsinn.no.

Eitt dæmi um það hvernig RKBU-Norður starfar er námskeið um þagnarskyldu sem varð til sem andsvar við þeim vandamálum sem koma fram þegar þverfaglegir hópar verða til.

– Vi réðum lögmann til starfa sem vann með þessar spurningar, gerði bækling, skipulagði málstofu og námskeið um það hvernig túlka má lögin, segir Monica Martinussen.

Atferdscenteret ber ábyrgð á innleiðingu PMTO och TIBIR en RKBU-Norður ber ábyrgð á *Ótrúlegu árunum*.

– Smám saman vona ég að við getum með skýrari hætti sýnt fram á hvað þarf að vera fyrir hendi, þar sem ég finn að margir óska eftir markvissum tillögum. Bráðum ætlum við t.d. að gera tilraun með styttri fyrirbyggjandi útgáfu að *Ótrúlegu árunum* sem getur hentað vel fyrir Familjens hus.

Jafnvel er stefnt að því að þróa sameiginlega fræðslu fyrir allt starfsfólk við Familjens hus.

– Inntakið verður að vera samstarfshæfni og úrræði og aðferðir á sviði fyrirbyggjandi geðheilbrigðis, segir Monica Martinussen. Starfsfólkið hefur ólíkan bakgrunn og þarf bæði sameiginlegt gildismat og þekkingargrundvöll.

### **RKBU**

RKBU, Regionalt kunnskapscenter for barn og unge – psykisk helse og barnevern, hefur sem heildarmarkmið að auka gæði þeirrar þjónustu sem býðst börnum og ungmennum á sviði geðheilbrigðis og barnaverndar. Það eru fjórar RKBU/RBUP miðstöðvar í Noregi. Þar er fyrst og fremst unnið að rannsóknum og að auka hæfni. RKBU-Norður hafði það hlutverk að styðja sveitarfélög í að setja á fót fjölskyldumiðstöðvar og aðra slíka starfsemi. Nú hafa allar RKBU/RBUP miðstöðvar fengið þetta hlutverk.

### **www.ungsinn.no**

www.ungsinn.no er heimasíða sem kynnir heilsueflandi, fyrirbyggjandi og sálfélagslegar áætlanir á sviði geðheilsu barna og ungmenna. Kynningin felst í því að áætlunum er lýst og lagt er mat á áhrif þeirra.

## DÆMI: MENTORKERFIÐ Í DANMÖRKU

Stundum er ekki nóg fjármagn fyrir hendi og ekki um innleiðingu á landsvísu að ræða. Ný úttekt á fjölskyldumiðstöðvum á Grænlandi: *Evaluering av familiecentre 2010/2011 – Sammenfatning og familiecenterguide*, sýnir að skortur á hæfni, erfiðleikar við að fá fólk til starfa, fáir starfsmenn og skortur á því að fagfólk setji mörk, eru dæmigerð vandamál þegar koma á fót fyrirbyggjandi starfi á strjálbýlum svæðum. Jafnvel þótt fleiri styrkleikar (aðstoð, vinfengi fólks) einkenni þessi svæði, eru erfiðleikar miklir við að safna saman og miðla þekkingu.

Þegar þjargir og leiðir til að efla hæfni eru fáar eða úrræðin dreifast um strjálbýl svæði, getur annar valkostur við fræðslu alls starfsfólks verið að nota mentorkerfi. Slíkt fyrirkomulag miðast við að einn fagaðili fræði annan sem svo miðlar þekkingu sinni áfram til fjölskyldna og annarra starfsmanna. Með þessu móti má spara fé, en engu að síður miðla hinni sameiginlegu þekkingu. Notkun mentorkerfis getur því verið valkostur eða stuðningur við innleiðingu þekkingar á landsvísu eða svæðisbundið. Sjálfboðaliðar geta ýtt undir kerfisbundna innleiðingu og áframhaldandi þróun starfsemi á fátækari svæðum en þeir þurfa þó ávallt að fá þekkingarstuðning í starfi sínu. Það er til bóta ef til er áætlun til grundvallar starfseminni á landsvísu, svæðisbundið eða staðbundið.

Mæðrahjálpin í Danmörku er samtök sem rekur mentorkerfi í Danmörku. Samtökin þjálfa einstaklinga sem geta verið stuðningsaðilar fyrir ungar mæður. Mentorar læra einnig hver af öðrum og geta miðlað áfram reynslu sinni til nýrra mentora sem hafa áhuga á að starfa sem stuðningsaðilar fyrir ungar mæður. Mentorþjálfunin – sem Mæðrahjálpin byrjaði með árið 2002 – er á vegum hins svokallaða Alexandrakollegie.

Lesið meira  
um úttektina á  
[www.nordicwelfare.org/  
tidigainsatser](http://www.nordicwelfare.org/tidigainsatser)

Lesið meira:  
[www.frivillighed.dk](http://www.frivillighed.dk).

## 8. Verum skapandi við val á samstarfsaðilum.



### BAKGRUNNUR

Fyrir fagfólk sem starfar með barnafjölskyldum hefur samvinna við aðra aðila á sama svæði breyst gífurlega síðustu 20 árin á Norðurlöndum. Áður starfaði fagfólk með fáum aðilum innan sveitarfélags, en nú eru miklu fleiri aðilar innan þessa tengslanets. Ástæðan er m.a. sú, að á mörgum sviðum sinna nú einkaaðilar velferðarþjónustu innan sveitarfélaganna. Þetta veldur auknum fjölda þjónustuaðila. Sænska Vårdvalsreformen (umbætur sem auka valkosti í velferðarþjónustu) hefur leitt til aukins framboðs á einkarekinni þjónustu hjá sænskum sveitarfélögum. Umbæturnar eiga að auka valfrelsi borgaranna. Fyrir sveitarfélögin hefur þetta gjarna í för með sér fleiri þjónustuaðila og um leið nýjar kröfur um samvinnu. Samstarf við nýja aðila getur aukið framboð á hverjum stað, en það getur einnig verið vandasamt fyrir sveitarfélög að starfa með nýjum aðilum sem e.t.v. hafa annað gildismat og forgangsröðun í starfi sínu.

### VANDAMÁL OG ÁSKORANIR

Í verkefninu komu í ljós talsverðar áskoranir fyrir sveitarfélög sem störfuðu með nýjum aðilum. Í sænsku sveitarfélagi, sem tók þátt í athuguninni, hafði risið deila milli sveitarfélagsins og

einkareknu heilsugæslunnar sem í sameiningu áttu að reka fjölskyldumiðstöð sveitarfélagsins. Deilan snerist um áframhaldandi rekstur fjölskyldumiðstöðvarinnar í því húsnæði þar sem miðstöðin hafði verið til húsa. Fram að þessu hafði sveitarfélagið sett nálægð við notendur í forgang, en nýi samstarfsaðilinn taldi þetta ekki nægileg rök og færði fjárhagsleg rök fyrir því að flytja starfsemina.

Dæmið sýnir þau átök sem orðið geta um fjárhagslega hagsmuni annars vegar og velferðaráherslur hins vegar. Samkvæmt rannsókn á fjölskyldumiðstöðvum, sem kynnt var í tímaritinu Socialmedicinsk tidskrift (2011), eiga markaðsáherslur litla samleið með ríkjandi hugmyndafræði meðal starfsfólks sveitarfélaga sem starfar með fjölskyldum. Markaðshugsunin felur í sér, eins og dæmið hér að ofan sýnir, að fjárhagsleg rök eru ráðandi, en það er framandi innan þessara stofnana að leggja áherslu á slíkt. Rannsóknin sýnir að starfsfólkið lítur ekki svo á að fjölskyldur séu neytendur sem velja velferðarþjónustu óháð því hvar í sveitarfélaginu þjónustan er, heldur skal þjónustan miða að því að mæta þörfum fjölskyldna.

## TILLÖGUR AÐ ÞRÓUN

Við leggjum til að sveitarfélög, sem byggja upp samstarf, standi vel að vali á samstarfsaðilum. Þetta þýðir, að sveitarfélög skoði vandlega, þegar þess er kostur, hvaða forgangsöröðun liggur til grundvallar hjá aðilum sem þau vinna með og geri auk þess áætlun um samstarfið. Í mörgum löndum, þar sem þjónusta er aðkeypt, getur þetta verið miklum vandkvæðum bundið. Einnig er mikilvægt þegar um aðkeypta þjónustu er að ræða, að annað en fjárhagleg rök liggi til grundvallar vali á þeim þjónustuaðilum sem annast fyrirbyggjandi þjónustu eða stuðningsþjónustu hjá sveitarfélaginu.

## SVEITARFÉLAGIÐ ESBJERG Í DANMÖRKU – DÆMI UM SKAPANDI SAMSTARF

Í sveitarfélaginu Esbjerg, sem tók þátt í stofnun fjölskyldumiðstöðva í Danmörku (familiens hus) er ferlinu við að koma á nýrri samvinnu lýst sem erfiðu en gefandi. Í þessu ferli verður til nýtt fyrirkomulag á samstarfi á mörgum stigum. Í samstarfinu við stofnun fjölskyldumiðstöðvanna tóku þátt Félags- og heilbrigðisráðuneytið, sveitarfélagið Esbjerg og einkareknu mannúðarsamtökin Mæðrahjálpin. Staðbundið samstarf þýddi að allir hlutaðeigandi aðilar voru hafðir með í ráðum. Einn mikilvægasti samstarfsaðilinn var vinnumiðlunin (jobcentre) sem hefur sérstaka þýðingu fyrir þann markhóp

sem starfsemin beinist að, þ.e.a.s ungar berskjaldaðar konur sem þarfnast stuðnings í móðurhlutverkinu og öðrum verkefnum sínum en einnig til þess að geta haldið áfram á vinnumarkaði eða í námi.

Ástæða þess að vinnumiðlunin tók þátt í þessu verkefni er reynslan úr I Gang - verkefninu sem einnig er rekið í samvinnu við Mæðrahjálpinu í Árósum. Mat á einum þætti verkefnisins sýnir að 26 af hundraði þátttakenda í verkefninu I Gang héldu áfram í námi eða starfi eftir að hafa tekið þátt. Hlutfallið í samanburðarhópnum var 6 af hundraði. Að líkindum hefur nákvæm skráning og val á samstarfsaðila haft sitt að segja um niðurstöðuna. Í Esbjerg á að vinna áfram út frá jákvæðri niðurstöðu verkefnisins I Gang. Rockwool Fonden mun leggja mat á þessa frumtilraun í sveitarfélögunum Esbjerg og Høje-Tåstrup. Í úttektinni eru áhrif úrræðanna mæld. Auk þess eru kostir og ókostir samstarfsins metnir í ljósi þess verkefnis sem liggur fyrir, þ.e.a.s. að veita fjölskyldum stuðning, í þessu tilviki ungunum mæðrum sérstaklega.

Esbjerg er eitt þeirra tilraunasveitarfélaga þar sem fjölskyldumiðstöð var sett á laggirnar með viðbótar framlagi úr ríkissjóði árið 2010. Það var nýbreytni, að staðbundnu samstarfi væri komið á eftir ítarlega þarfagreiningu. Í athugun, sem gerð var áður en fjölskyldumiðstöðin var stofnuð, kom m.a. fram að hlutfall ungra mæðra með litla menntun er hátt á þessu svæði. Úrræðið hjá fjölskyldumiðstöðinni var því þróað í samvinnu milli vinnumiðlunar, einkareknu samtakanna mæðrahjálpar og fjölskyldudeildar sveitarfélagsins í þeim tilgangi að styðja ungar mæður, bæði í foreldrahlutverki sínu og út á vinnumarkaði.

Lesið meira um þátt sveitarfélagsins í stofnun fjölskyldumiðstöðvar í Esbjerg hér:  
[www.nordicwelfare.org/tidigainsatser](http://www.nordicwelfare.org/tidigainsatser)



## SAMANTEKT

Norrænar fjölskyldumiðstöðvar eru einstakur vettvangur fyrir snemmbær úrræði. Fyrir tilstilli grunnstarfsemi, eins og heilsuverndar mæðra og barna, næst til nánast allra fjölskyldna. En fjölskyldumiðstöðvarnar eru fjarri því að vera fullmótaðar. Fjölskyldumiðstöðvar eiga ekki aðeins að ná til fjölskyldna heldur einnig að leggja til stuðning og aðstoð. Með skrásettum aðferðum og eftirfylgni með þeim fjölskyldum, sem þarfnast viðbótar stuðnings, er unnt að þróa þessa starfsemi. Mikilvægt er að gera staðbundna þarfagreiningu og aðlaga starfsemina þeim áskorunum sem eru fyrir hendi í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Sérstakra úrræða getur verið þörf til þess að ná til þeirra sem eru í hættu á að verða félagslegur jaðarhópur.

Á landsvísu er þörf fyrir langtíma áætlanir. Nú er unnið að stofnun fjölskyldumiðstöðva víða á Norðurlöndum en lítið er um rannsóknir til að styðja þau sveitarfélög sem setja á stofn slíkar miðstöðvar. Eftirfylgni og stuðningur á landsvísu getur verið leið til að þróa og auka gæði fjölskyldumiðstöðva. Samvinna við þriðja geirann getur verið leið til að þróa og bæta starfsemina, eins og hefur verið gert í Danmörku svo dæmi sé tekið. Fjölskyldumiðstöðvar stuðla að því á alla vegu að þróa og bæta norræna velferðarkerfið. En eitt hús nægir ekki. Til þess að þetta skipti máli fyrir fjölskyldur með breytilegar þarfir er nauðsyn á langtíma áætlunum, bæði svæðisbundnum áætlunum og áætlunum á landvísu, en það er einmitt einn mikilsverðasti þátturinn í því sem við viljum koma á framfæri með þessari skýrslu.

Við viljum sérstaklega þakka þeim sem tóku þátt í ráðgjafa- og sérfræðihópum. Þeir lögðu mikið af mörkum við gerð þessa hugmyndaframskýlingar:

### RÁÐGJAFAHÓPUR

- Vegard Forøy, Bufdir, Noregi
- Anne Katrine Tholstrup Bertelsen, Social og Integrationsministeriet, Danmark
- Tórhild Højgaard, Socialministeriet, Färöarna
- Lára Björnsdóttir, Ministry of Welfare, Island
- Súsanna Nordendal, Socialministeriet, Färöarna
- Monica Norrman, Socialstyrelsen, Sverige
- Birgit V Niclasen, Ministry of Health, Grönland
- Anne Melchior Hansen, Socialstyrelsen, Danmark
- Mia Montonen, FSKC, Finland
- Riitta Viitala, Social- och hälsovårdsministeriet, Finland
- Doris Bjarkhamar, Socialministeriet, Färöarna

### SÉRFRÆÐIHÓPUR EINFALDARA AÐGENGI AÐ ÞJÓNUSTU

- Johan Lund, Vänersborgs kommun, Sverige
- Vibeke Bing, Föreningen FFFF, Sverige
- Gørill Warvik Vedeler, RKBU Nord, Norge
- Mia Montonen, FSKC, Finland
- Ulla Krogager, Mødrehjælpen, Danmark
- Mette Kirkegaard, Socialstyrelsen, Danmark
- Ingeborg Wien, Ringsaker kommune, Norge
- Mia Nordlund, Hangö kommun, Finland
- Monica Martinussen, RKBU Nord, Norge

Kærar þakkir til þátttakenda í frumathuguninni sem gerð var í Árósum, Esbjerg, Ringsaker, Vänersborg, Huddinge/Skogås, Tensta, Pargas, Hangö och Heinola.





NORDENS VÄLFÄRDSCENTER / Nordic Centre for Welfare and Social Issues Box  
22028, SE 104 22 Stockholm / Besöksadress Hantverkargatan 29 / Sverige  
[www.nordicwelfare.org](http://www.nordicwelfare.org)